

Kennari:
Hrönn Axelsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Bóklegt og verklegt nám í
heimilifræðistofu

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
5. bekkur

Heimilisfræði

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilisstörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast.

Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

Heimilisfræði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur:</i>	Leiðir:
Næring og hollusta	Heimilisfræði 4 Gott og Gagnlegt I Ítarefni	<ul style="list-style-type: none">– þekki heiti næringarefnanna.– kynnist hlutverkum næringarefnanna.– viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann.– greini á milli góðs og lélegs fæðuvals.– geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar heilsunnar vegna.	Einfaldar verk- legar æfingar Sýnikennsla Spurt og spjallað Einstaklingsvinna Hópavinna Paravinna

Matreiðsla og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none"> - kunning á þeim áhöldum sem nota þarf við matreiðslu. - geti notað allar mæliskeiðarnar, dl-mál og lítramál og geti mælt 1/4 og 3/4. - þjálfist í að vinna eftir skriflegum uppskriftum og noti hráefni úr öllum fæðuflokkum. - þjálfist í meðhöndlun og hreinsun á grænmeti og ávöxtum. - þjálfist í að matreiða grænmeti og ávexti - læri um orkusparnað (rafmagn, heitt og kalt vatn). - geti bakað brauð úr ólífrænu og lífrænu lyftiefni. - tileinki sér góða umgengni við vinnuna. 	
Matvælafræði		<ul style="list-style-type: none"> - rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og læri sérstaklega um grænmetis- og ávaxtaflokk. - geti metið ferskleika matvæla sem notuð eru. 	
Hreinlæti		<ul style="list-style-type: none"> - tileinki sér hreinlæti við heimilisstörf. - kunning á að meta hreint og vistlegt umhverfi. - kunnist þvottamerkingum á fatnaði. - kunning á að halda herbergi sínu hreinu. - temji sér að halda vinnusvæði sínu hreinu. 	
Neytendafræði og umhverfisvernd		<ul style="list-style-type: none"> - þekki helstu umhverfismerki. - temji sér sparnað og ábyrgð gagnvart verðmætum (orkunotkun, pappír o.fl.). - læri að flokka sorp og hvað af því er endurnýtanlegt og/eða endurvinnanlegt. - kunnist því hvað má fara í safnkassa og hvað moltugerð er. 	

Aðrir þættir		<ul style="list-style-type: none"> - geri sér grein fyrir helstu slysaþættum í eldhúsi (eldavél, heitt vatn, áhöld, tæki, niðursuðudósir, hættuleg efni, gler o.s.frv.). - temji sér að bragða á öllum matvælum sem notuð eru með jákvæðu hugarfari. - þjálfist í að leggja fallega á borð og tileinka sér góða borðsiði. - geti unnið með öðrum og sýnt tillitssemi. - geti unnið með jákvæðu hugarfari (vinnugleði). - rifji upp hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn). 	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

★	Framúrskarandi
✓	Hæfni náð
◇	Á góðri leið
🔴	Þarfnast þjálfunar
L	Lokið
Ó	Ólokið
U	Undanþága